

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 2. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu föstudaginn 20. júní 2014 kl. 13.00

Dagskrá

1. Fundargerð 1. fundar
2. Tillögur landshlutasamtaka um ráðstöfun sóknaráætlunarfjármuna árið 2014
3. Fjárlög 2015
4. Sumarfundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga 12. júní
5. Önnur mál
 - a) Næsti fundur stýrihóps
 - b) Samráðsfundur um sóknaráætlanir landshluta

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR, kom kl. 13.30), Karl Björnsson (Samband ísl. sveitarfél.), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (UAR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Heiður Björnsdóttir (VEL).

Umfjöllun og afgreiðsla

1. Fundargerð 1. fundar

Drög að fundargerð 1. fundar stýrihópsins hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Tillögur landshlutasamtaka um ráðstöfun sóknaráætlunarfjármuna árið 2014

Stýrihópnum höfðu verið sendar tillögur frá sjö af átta landshlutasamtökum um það hvernig þau hygðast verja sóknaráætlunarfjármunum fyrir árið 2014. Alls 21 verkefni. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa óskað eftir fresti til að skila sínum tillögum og áttu Torfi og Hólmfríður fund með framkvæmdastjóra SSH um áætlanirnar þann 10. júní.

Farið var yfir hvert verkefni fyrir sig. Nokkrar spurningar vöknudú við þá yfirferð og var Hólmfríði falið að kalla eftir nánari upplýsingum um einstök verkefni. Með fyrirvara um fullnægjandi viðbótarupplýsingar staðfestir stýrihópurinn að öll verkefnið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Torfa og Hólmfríði var falið að leggja mat á hvort viðbótarupplýsingar reynist fullnægjandi.

Talsverðar umræður urðu um verkefnið. Stýrihópurinn er sammála um að nýta vel þann lærdóm sem draga má af ferli sóknaráætlana frá árinu 2011 við mótun fyrirkomulags sóknaráætlunar fyrir tímabilið 2015-2017 og að mikilvægt sé að setja sóknaráætlunum skýran ramma.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Hólmfríður greindi frá því að öll landshlutasamtökin uppfylltu skilyrði fyrir greiðslu vaxtar-samningsframlags, að frátölu höfuðborgarsvæðinu sem ekki fær slíkt framlag.

3. Fjárlög 2015

Framhald umræðu frá fyrsta fundi stýrihópsins og er staðan óbreytt. Karl greindi frá því að hann hefði á síðasta fundi Jónsmessunefndar rætt mikilvægi þess að hækka framlög til sóknaráætlaða á fjárlögum.

4. Sumarfundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga 2014

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka fór fram í Keflavík 12. júní sl. Karl og Hólmfríður sátu fundinn og greindu þau frá því sem þar fór fram, en helsta umræðuefnið var skipan sérstakrar landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra á vegum forsætisráðuneytisins. Landshlutasamtökin tóku saman sameiginlegt minnisblað eftir fundinn þar sem fram kemur að þau telji skipan nefndarinnar óheppilega, m.a. í ljósi þess að verkefni henni skarist á við sóknaráætlanir og að það sé skref aftur á bak í þeirri þróun að fela landshlutunum aukið vægi við ákvarðanir um eigin málefni. Minnisblaðið var lagt fram á fundinum.

Héðinn, sem er fulltrúi í landshlutanefndinni, greindi frá fyrsta fundi nefndarinnar sem fram fór 19. júní og aðdraganda að skipun hennar.

Stýrihópurinn hvetur til þess að störf og niðurstöður landshlutanefndar Norðurlands vestra verði samþættar inn í þriggja ára sóknaráætlun landshlutans fyrir árin 2015-2017.

5. Önnur mál

a) Næsti fundur stýrihópsins

Ákveðið að næsti fundur stýrihópsins verði fimmtudaginn 21. ágúst 2014. Hólmfríður boðar fundinn.

b) Samráðsfundur um sóknaráætlanir landshluta

Ákveðið að boða til samráðsfundar með landshlutasamtökum sveitarfélaga, atvinnuþróunar-félögum, menningarfulltrúum og fleirum föstudaginn 29. ágúst 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.